

G R E I N A R G E R Ð

20235

SAMKEPPNI UM STÆKKUN GRUNNSKÓLA EYRARSVEITAR

om.

$\frac{12}{95}$


Grundarfjarðarkaupstaður er umlukinn háum og svipmiklum fjöllum til þriggja átta, en til norðurs blasir Breiðafjörðurinn við augum og Barðaströndin fjær í góðu veðri. Skólinn og Íþróttahúsið standa efst í bænum. Þau blasa við vegfarendum þegar ekið er inn í bæinn úr austri, og frá skólalóðinni er mikilfenglegt útsýni norður yfir bæinn, til hafs, í vesturátt blasir kirkjan við í forgrunni Kirkjufells.

Núverandi ásýnd skólahúsanna og Íþróttahússins er ruglingsleg og innbyrðis hæðarsetning virðist tilviljanakennd. Húsin standa illa á lóðinni. Þau hvorki ramma hana inn né fljóta saman við hana, og hvergi er yfirsýn yfir lóðina úr skólanum. Íþróttahúsið er fyrirferðarmikið og virðist risavaxið við hlið skólahúsanna hvaðan sem lítið er.


Í eldra húsinu eru fjórar heimastofur auk aðstöðu fyrir sérkennslu. Þá er þar að finna lítið mótuneyti fyrir þau börn sem koma frá nærliggjandi sveitabæjum og matast í hádeginu (öll önnur börn fara heim í hádegismat).

Í nýrra húsinu eru sex heimastofur, stjórnunarálma, aðstaða kennara, snyrtingar, geymslur, fata-og skógeymsla nemenda auk bókasafns sveitarfélagsins sem staðsett er inn í miðju húsi. Grunnmynd hússins er lokuð og krókótt, og nýtir sér ekki sveigjanleika í burðarvirki þess. Gluggasetning er þrúgandi og hvergi nýtur útsýnis. Inngangar eru í hvort hús fyrir sig, en um 140 cm hæðarmunur er á milli aðalgólfa þeirra. Þau eru tengd með gangi, brattri skábraut (var stigi). Þar tengist Íþróttahúsið skólahúsunum enn fremur með tengigangi. Tenging skólahúsanna er óþjál, þau birtast fremur sem aðskildar byggingar en sem ein heild.


ÚTSÝNI ÚR STIGA - TIL KIRKJUFELLS




FYRSTI ÁFANGI
Verknámshús reist. Núverandi byggingar óhreyfðar.




ANNAR ÁFANGI
Núverandi skólabygging hækkuð, tengibygging reist.




ÞRIÐJI ÁFANGI
Innréttingar í fyrstu hæð skólahúss og eldri skóla.



FJÓRÐI ÁFANGI
Tónlistarskóli reistur.



FIMMTI ÁFANGI
Náttúrugripasafn og bókasafn reist.




SJÖTTI ÁFANGI
Hugsanlegar frekari stækkanir.

Tillaga /Hugmynd


Tillagan gerir ráð fyrir að byggð verði kennslustofuálma vestan sundlaugar og hún tengd við eldra skólahúsið. Að byggð verði heil hæð ofan á nýrra húsið, og stiga-og lyftuhús milli húsanna, þar sem nú er skábraut. Þessu fylgi einnig breytingar innandyrna í húsunum og tilflutningur á starfsemi.

Tillagan er studd eftirfarandi rökum:

- i. Með þessu móti fæst einföld og vel starfhæf skólabygging, sem býður upp á sveigjanleika í innra starfi og rökrétta möguleika til stækkunar.
- ii. Þetta fyrirkomulag styrkir skipulag skólalóðarinnar og afmarkar hana sjálfkrafa að bílastæðum og akbraut vestan skólans.
- iii. Auk þess að vera einföld starfræn bygging, verður tvílyft skólahúsið jafnoki íþróttahússins í umfangi og hæð, og dregur úr sjónrænni drottun þess. Á sama hátt mun eldra húsið fá stuðning frá nýju álmunni vestan þess. Ásýnd hæðarinnar sem skólahúsin standa á mun öðlast jafnvægi og reisn.
- iv. Hægt er að áfangaskipta uppbyggingunni svo skólastarfið raskist sem minnst, meðan á framkvæmdum stendur. Höfundar hugsa sér að verknámshús verði byggt fyrst, en þá má byrja á að nýta það undir heimastofur á meðan framkvæmdir standa yfir við annan áfanga. Í öðrum áfanga verður byggt ofan á nýrra skólahúsið og stigahús með lyftu. Á meðan á þeirri framkvæmd stendur fer kennsla fram í verknámshúsi og í kjallara íþróttahúss. Slíkar aðstæður þurfa þó ekki að vara lengi. Í þriðja áfanga er innréttingu á fyrstu hæð skólahúss og eldri skóla breytt. Þá má sjá fyrir sér fjórða áfanga sem er bygging tónlistarskóla með sal í norðurhluta lóðar. Við þá framkvæmd yrði hlutverk núverandi tónlistarskólahúss endurskoðað. Fimmti og síðasti áfangi er bygging nýs bóka- og náttúruminjasafns fyrir sveitina. Slík bygging er staðsett á milli tónlistarskóla og grunnskóla. Þar með væri afmörkun skólalóðar fullkomnuð.



INNGANGAR




UMFERÐ INNHÚSS

Staðsetningu og formi viðbygginganna mun styrkja skipulag skólalóðarinnar. Með innbyrðis afstöðu bygginganna eru mynduð heilleg útirými á skólalóð og gerð grein fyrir aðkomu að henni. Ásýnd skólans er styrkt gagnvart íþróttahúsi og dregið úr sjónrænni drottun þess. Hækkun skólahússins er kærkomin til að njóta til fulls glæsilegs útsýnis til allra átta. Staðsetning verknámsálmunnar vestan eldra skólahússins festir sundlaugina betur í heildarmynd lóðarinnar. Viðbyggingarnar eru einfaldar og skrautlausar, sem hæfir vel aðstæðum.


Innra fyrirkomulag er mótað af ákvæðum forsagnar. Núverandi fyrirkomulagi er hagrætt með skýrari gönguleiðum og samtengingum á milli einstakra áfanga og húsa. Gönguleiðir eru ekki lengri en nauðsynlegt getur talist. Sveigjanleiki í kennsluháttum er tryggður með misstórum stofum og stofum sem hægt er að tengja saman. Herbergi fyrir hópvinnu og sérkennslu eru staðsett þannig að fyrirhafnarlítið er að flytja til smærri nemendahópa.

Nýtt stigahús með lyftu er byggt þar sem í dag er skábraut/stigi á milli eldra og nýs skólahúss. Lyftan tengir allar þrjár hæðir, þ.e. báðar hæðir í aðalbyggingu (og aðalháð íþróttahúss) og gólf gamla skólahússins (sem er á sömu hæð og verknámshús). Aðgengi fatlaðra verður því greitt um húsið.

Verknámshúsið verður í álmunni vestan sundlaugar, en þar er að finna myndmenntastofu, textílstofu auk tré- og járnsmíðastofu. Í stofunum er mikil lofthæð og nýtur mikillar dagsbirtu og útsýnis úr þeim. Sérstaklega er útsýni fagurt úr myndmenntastofu, sem er með stórum gluggum til norðurs og vesturs í átt að Kirkjufelli og Breiðafirði. Góð dagsbirta og mikil lofthæð eru kærkomin breyting á núverandi aðstöðu til verknáms sem er í kjallara íþróttahúss. Í suðurenda verknámshúss er yfirbyggt skyggni, en þar er gert ráð fyrir að hægt sé að koma með aðföng vegna verknámskennslu auk



SAMNÝTING MEÐ BÆJARBÚM
NOTKUN UTAN SKÓLADAGS




YFIRSÝN YFIR SKÓLALÓÐ

Þess sem sorpgeymsla verði staðsett undir skyggninu. Nýta má verknámshúsið til kennslu utan hefðbundins skólatíma fyrir alla íbúa Eyrarsveitar.

Höfundar vilja jafnframt benda á að hægt er að nýta verknámshúsið undir næturgistingu (svefnpokapláss) á sumrin eins og gert er í eldra skólahúsinu, enda er lítið gistirými á staðnum. Hússtjórnarstofan nýtist vel í tengslum við slíka næturgistingu, ásamt baðaðstöðu sem er við sundlaugina.

Elsta skólahúsið fær nýtt hlutverk í skólastarfinu við breytingarnar. Vestast er innréttuð björt hússtjórnarstofa. Næst henni er komið fyrir litlu mötuneyti fyrir þau börn sem ekki fara heim í hádeginu (börn frá nærliggjandi sveitabæjum), en þannig er aðstaðan í hússtjórnarstofunni nýtt til að undirbúa máltíðir fyrir sveitabörnin. Í norðurhluta gamla skólahússins er innréttuð ný stjórnunarálma þar sem haganlega er komið fyrir skrifstofu skólastjóra (með fundaaðstöðu) og aðstoðarskólastjóra, auk kennarastofu með kaffikrök, snyrtingu, biðstofu og fatahengi. Hugmynd höfunda er að ný gluggagöt á norðurhlíð gamla skólahússins gefi kennurum og skólastjóra góða yfirsýn yfir skólalóð. Slíkt er afar mikilvægt til að hægt sé að fylgjast grannt með því sem fram fer utandyra. Loks er vinnuaðstöðu kennara komið fyrir í suðaustur horni hússins, ásamt fjölrítunaraðstöðu.



Ný hæð ofan á nýrri hluta skólans: Auk áðurgreindra fagurfræðilegra ástæðna eru fleiri góð og haldbær rök fyrir því að byggja hæð ofan á þennan hluta skólans.

- i. Með hækkun skólahúss gefst kjörið tækifæri til að aðlaga skólann að burðarvirki hússins, þ.e. að losa um fyrir starfseminni með skýru gangakerfi og sveigjanlegum kennslustofum. Þá gefst kjörið tækifæri til að veita meiri dagsbirtu inn í skólahúsið en nú er. Þannig er reist nýtt stiga-/forrými nyrst í byggingunni. Stiginn er bjartur og með glæsilegu útsýni af millipalli. Frá efri hæðinni sést líka vel út um gluggann á stigahúsinu og birta flæðir inn í forrýmið um stigagluggann og ofanljós sem ganga eftir miðrýminu endilöngu.
- ii. Að bæta hæð ofan á nýrri skólabygginguna styttr fjarlægðir á milli einstakra staða innan skólans. Skólinn verður einfaldari og hagkvæmari í rekstri undir einu þaki fyrir tvær hæðir, en undir tveimur þökum. Lagnaleiðir er tiltölulega einfalt að aðlaga að slíkri breytingu og verkfræðileg úttekt á burðarvirki staðfestir að ekkert er því til fyrirstöðu að byggja ofan á núverandi hús. Sú athugun leiddi jafnframt til þeirrar niðurstöðu að óhætt er að stækka gat á milli hæða og fjarlægja steiptan kross sem er í þakglugga núverandi bókasafns.
- iii. Jarðrask vegna framkvæmda á skólalóð verður umtalsvert minna og framkvæmdatími styttri þar sem allar undirstöður eru til staðar.


Heimastofum er raðað við útvegg á báðum hæðum. Í þeim er haganlega komið fyrir allri nauðsynlegri aðstöðu sem forsögn gerir ráð fyrir þ.e. salerni, hillum, handlaug fyrir kennara, skólatöflu o.s.frv.. Tölvuver er staðsett á annarri hæð. Gangar breikka við innganga í kennslustofur. Á móti breikkuninni eru innréttingar í stofunum. Hæð glugga miðast við að allir notendur skólans hafi sömu möguleika til útsýnis og upplifunar umhverfisins. og leitast er við að velja efni í frágang sem draga úr viðhaldskostnaði.

Niðurröðun bekkjadeilda innan skólans er sveigjanleg eftir breytingar. Höfundar sjá fyrir sér augljósa niðurröðun árganga þar sem yngstu börnin ganga inn um núverandi inngang gamla skólahússins og fara upp á nýja hæð nýrri skólans og hafa heimastofur næst gamla skólahúsinu. Þeim er þannig tryggð örugg leið inn í skólann, en mikill aldurs- og þroskamunur er á milli yngstu og elstu nemenda skólans, sem leiðir oft til smærri árekstra og stundum til alvarlegri vandamála. Þeir krakkar sem tilheyra mið-og efsta stigi ganga þá inn um núverandi inngang nýrra skólahúss. Elstu krakkarnir nota heimastofur á jarðhæð, ásamt raungreinastofu og tölvuveri uppi. Krakkar á miðstigi nota heimastofur uppi. Hægt er að opna á milli nokkurra heimastofa, sem bíður upp á sveigjanleika í kennslu.

Bókasafnið í skólanum gegnir tvíþættu hlutverki. Jafnframt því að vera skólasafn þjónar það Eyrarsveit sem bókasafn allra íbúanna. Núverandi staðsetning inni í miðju húsi er því óhentug. Tillaga höfunda gerir ráð fyrir að bókasafnið flytjist næst innganginum (þar sem nú er skrifstofa skólastjóra og kennarastofa) og snúi að nýjum höggmyndagarði. Sú staðsetning auðveldar notkun safnsins utan skólatíma, en einfalt er að loka kennslurými frá bókasafninu.

Við flutning bókasafns myndast skáli á jarðhæð sem hýst getur félagsaðstöðu hverskyns og nýst til samkomuhalds. Þegar þurfa

SAMKEPPNI UM STÆKKUN GRUNNSKÓLA EYRARSVEITAR



UPPBÝGGING Í ÁFÖNGUM

Þykir má opna á milli skálans og heimastofu fyrir miðju í suður hluta neðri hæðar, þannig að úr verði salur/félagsaðstaða sem nýst getur við margvísleg tækifæri í starfi skólans og fyrir íbúa Grundarfjarðar. Ef þurfa þykir má koma þar fyrir sviði, og opna til hliðar inn í heimastofu sem getur nýst sem baksvið-/búningsherbergi o.s.frv.. Eldri nemendur geta notað salinn undir félagsstarfsemi, tónleika, leikrit, danskennslu o.s.frv.. Skálinn er bjartur þar sem dagsbirta flæðir um ofanljós á þaki. Gat í gólfi á milli hæða er stækkað frá því sem nú er (sbr. ofanljós í núverandi bókasafni) þannig að tenging á milli hæða verður markvissari og skólinn fær opnara yfirbragð. Með stærra opi á milli hæða er miðkjarni skólans mun bjartari en hann er í dag.

Íþróttahús er óbreytt, nema hvað verknámsskennsla hefur verið flutt úr óvistlegu húsnæði í kjallara íþróttahússins í nýtt og bjart verknámshús.

Útirými eru styrkt með staðsetningu verknámshúss, og hugsanlega í framtíðinni með nýjum tónlistaskóla og e.t.v. með nýju bóka og náttúruminjasafni. Tónlistarskólinn, og salur, verða væntanlega staðsett í norður hluta lóðar, en safnhúsið hornrétt á tónlistarskólann. Þannig myndast vel afmarkað skólaport. Skólabyggingarnar umlykja þannig stóran hluta lóðarinnar í sólarátt, skapa afmarkað útirými og veita skjól fyrir ströngustu vindáttum.

Burðarvirki, efnisval og stærðir

Hækkun skólahúss: Aðalburðarvirki og útveggir eru úr steinsteypu. Steypuvirki er einangrað að utan með íslenskri steinull og klætt með íslenskum sementsmúr. Þak er létt, hallandi og veðurvarið á viðurkenndan hátt.

SAMKEPPNI UM STÆKKUN GRUNNSKÓLA EYRARSVEITAR

Verknámshús: Aðalburðarvirki, útveggir og þak eru úr steinsteypu. Steypuvirki er einangrað að utan með íslenskri steinull og klætt með íslenskum sementsmúr. Þakplata er með vatnshalla og dúkklaedd á viðurkenndan hátt, einangruð utanfrá.

Byggingar eru einfaldar í sniðum og byggðar upp með hefðbundnum byggingaraðferðum.

Vélrænni loftræsingu er haldið í lágmarki. Í byggingunum er nánast öllum rýmum raðað að útvegg þannig að njóti dagsljóss og loftræsingar um opnanleg fög.


Vélrænnar loftræsingar er þörf í sal , á snyrtingum, í ræstikompum, í áhaldageymslum og á göngum þar í kring.

Lögmál sveigjanleika og hreyfingar eru dregin fram í efnisnotkun og uppbyggingu. Reynt er að veita svigrúm sem er jafnframt grunnur að frekari þróun.

Höfundum er ljóst að stærð skólans er nokkru meiri en heildarflatarmál sem fram kemur í húsrýmisáætlun. Þann mismun má rekja til tilfærslna (lagfæringa á skipulagi núverandi bygginga) vegna hækkunar á nýrri skólabyggingu og þess að fylgt er ítrustu kröfum forsagnarinnar m.a. með því að gera ráð fyrir sérstakri raungreinastofu í aðalbyggingu. Engu að síður er heildarútkoman hagkvæm rekstrareining og framkvæmd sem tekur á öllum þáttum einsetins og sveigjanlegs grunnskóla í nútíma samfélagi.

Skólalóð er afmörkuð af lágum veggjum og reiðhjólaskýli við inngang inn á lóðina. Lóðinni er skipt upp í mismunandi svæði , þar sem hverjum aldurshópi er búin leikaðstaða við hæfi.

Leiksvæði yngstu barnanna er í beinum tengslum við inngang þeirra, og auðvelt er að fylgjast með svæði þeirra frá aðstöðu skólastjóra og kennara. Á leiksvæðinu verður komið fyrir tækjum



ÚTSÝNI

svo sem rólum, rennibrautum og klifuráhöldum. Þar fyrir handan er svæði eldri barna, með tækjum til að efla hreyfiproska, og aðstöðu til boltaleikja og útiveru. Þau svæði eru einnig í augnsýn frá aðstöðu kennara.

Aðkoma bifreiða er um Borgarbraut, vestan skólalóðar. Hægt er að koma úr norðri suður Borgarbraut og snúa við á nýju snúningstorgi gegnt inngangi á skólalóð, eða koma á Borgarbraut frá nýjum ofanbyggðarvegi sem lagt er til að komi vestan og ofan við kaupstaðinn. Slíkum ofanbyggðarvegi er ætlað að tengja betur saman nýja íbúðarhverfið á Hjaltalínsholti við eldri hluta þorpsins og gera aðkomu að íþróttahúsi og skíðasvæði Grundfirðinga greiðari. Bifreiðastæðum skólans er ráðað að vesturmörkum lóðar.

Gert er ráð fyrir að þeir, sem koma akandi með ung börn sín, geti hleypt þeim út við hlið á skólalóð og fylgt þeim að inngangi skólans. Bílaumferð er með þessu móti haldið utan lóðar, og stuðlað að fyllsta öryggi gangandi vegfarenda.


Skólinn er samfélag nemenda og kennara og skólabygging á að vera hornsteinn hvers byggðarlags, örva námsáhuga nemenda og hvetja til góðrar umgengni. Þessu vilja höfundar stuðla að.

Í tillögunni er komið til móts við kröfur samtímans um nánari tengsl foreldra við skólann. Þetta er gert með því að skapa möguleika á að nota byggingar skólans utan skólatíma, einkum verknámshús, bókasafn og að sjálfsgöðu íþróttahús, sem nú þegar er mikið notað utan hefðbundins skólatíma. Hægt er að loka alla slíka aðstöðu af frá kennslurými. Með því er komin tilvalin aðstaða til hverskyns námskeiða og kennslu sem ekki fellur undir kennsluskrá grunnskóla. Leitast er við að leysa verkefnið á rökrænan hátt m.t.t. allra aðstæðna. "Réttur" til útsýnis, dagsbirtu, og manngildis er settur í öndvegi. Efnisval og frágangur miða að því að auðvelda umgengni og draga úr viðhaldi.


SAMKEPPNI UM STÆKKUN GRUNNSKÓLA EYRARSVEITAR


Helstu stærðir:


Eldra skólahús	304 ferm.	
Neðri hæð nýrra skólahúss	700 ferm.	
Tengibygging	40 ferm.	(stækkun 25 ferm.)
Verknámsbygging	240 ferm.	
Efri hæð nýs skólahúss	580 ferm.	
Heildarstærð:	1.864 ferm.	
Þar af viðbót	845 ferm.	



HÖRFT FRÁ GRUNDARGÖTU - SKÓLINN Í FORGRUNNI KIRKJUFELLS








BORGARBRAUT

SNÚNINGSTORG




AFSTÖÐUMYND 1: 500




BORGARBRAUT

GRUNNMYND JARÐHÆÐAR 1: 500


SNUNINGSTORG






NORÐ-VESTUR HLIÐ

NORÐ-AUSTUR HLIÐ




SUÐ-VESTUR HLIÐ

SUÐ-AUSTUR HLIÐ
CC



SNEIÐING AA



SNEIÐING BB